

## ✉ Re: Ósk um umsögn - Deiliskipulagstillaga fyrir iðnaðarsvæði á Rifi

Búið til	24.11.2021 16:12:01
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.11.2021 16:12:00
Tilheyrir	 202110-0025 - Deiliskipulagstillaga fyrir iðnaðarsvæði á Rifi - ósk um umsögn

### Efni

Re: Ósk um umsögn - Deiliskipulagstillaga fyrir iðnaðarsvæði á Rifi

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	24.11.2021 16:12:00	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	valgerdur@snb.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0025 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 14. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir iðnaðarsvæði á Rifi, Snæfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og felur stærsta breytingin í sér að þrjár nýjar lóðir fyrir iðnaðarstarfsemi m.a. steypustöð eru skilgreindar vestan við núverandi jarðefnavinnslusvæði. Lóðirnar eru staðsettar á öröskuðu landi sem í dag er sambland af mela-, mólendis- og votlendisvistgerðum en svæðið í heild er ekki talið hafa sérstaklega hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun telur að uppbygging iðnaðarsvæðisins sé ólíkleg til að valda mjög neikvæðum umhverfisáhrifum enda í jaðri raskaðs námusvæðis. Þó mun mó- og votlendi vera raskað að hluta sem mun hafa áhrif á búsvæði fugla og annarra lífvera en lífríki svæðisins hefur lítið verið skoðað. Mikilvægt er að forðast allt óþarfa rask eins og hægt er og huga að góðum frágangi í sátt við náttúruna í kring.

Vegur sem liggur að iðnaðarsvæðinu er skilgreindur utan skipulagssvæðis en þörf er á nýjum veg. Vegurinn mun liggja að hluta um votlendi samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar og huga þarf að áhrifum vegagerðar á votlendið.

Sunnan við áætlað iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir golfvelli og eru skilmálar í deiliskipulaginu sem fjalla um ásýndaráhrif frá iðnaðarsvæðinu í átt að golfvelli, og að tempra skuli fók þangað.

Benda má á að norðan við eyðibýlið Stapatún, skammt fyrir suðvestan og sunnan áætlað iðnaðarsvæði, er eitt stærsta mógrafasvæði á Íslandi. Mógrafir eru manngerð votlendis- og ferskvatnsbús svæði sem oft búa yfir sérstæðu lífríki, bæði vatnplöntu- og smádýralífi. Fræðslu- og rannsóknagildi mógrafa er töluvert bæði fyrir náttúruvísindi og sagnfræði. Æskilegt væri að hlífa mógrafasvæðinu. Ólíklegt er þó að uppbygging iðnaðarsvæðisins ógni því að neinu ráði.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Valgerður Hlín Kristmannsdóttir" <valgerdur@snb.is>

**To:** "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <heilbrigdiseftirlit@hev.is>; "Magnús Aðalsteinn Sigurðsson" <magnus@minjastofnun.is>; "bjosve@rarik.is" <bjosve@rarik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "vignirmar@grundarfjordur.is" <vignirmar@grundarfjordur.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>

**CC:**

**Subject:** Ósk um umsögn - Deiliskipulagstillaga fyrir iðnaðarsvæði á Rifi

**Date:** 14.10.2021 13:53:22

Sæl verið þið

Meðfylgjandi er ósk um umsögn vegna deiliskipulagstillögu fyrir iðnaðarsvæði á Rifi, Snæfellsbæ.

Auglýsingatími er frá 14. október – 25. nóvember 2021.

**Með kveðju,**

**Valgerður Hlín Kristmannsdóttir**

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær  
Sími: 433-6900, fax: 433-6901

[www.taeknadeild-snb.is](http://www.taeknadeild-snb.is) (<http://www.taeknadeild-snb.is/>)



---

***Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.***

*Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.*

*Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.*

## Viðhengi

image002.jpg (1 MB)
image001.png (89 KB)
image003.png (5 KB)